

Fundargerð

26. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018, haldinn í A-fundarsal ÍSí miðvikudaginn 15. nóvember 2017.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson, Eiríkur Mörk Valsson og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ. Lóa Björk Hallsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund klukkan 17:00 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð 25. fundar staðfest milli funda og birt í kjölfarið á vef FRÍ.

2. Formannafundur og uppskeruhátíð – 1. desember 2017

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir dagskrárliði og hlutverk hvers og eins. Fundurinn hefst kl. 16.15 en uppskeruhátíðin kl. 18.00.

Dagskráin er eftirfarandi:
Formannafundur FRÍ settur
Innlegg formanns: FRÍ í fortíð, nútíð og framtíð
Uppfærðar siðareglur FRÍ
Afrestsstofna og nýr Afrestssjóður FRÍ
9 mánaða uppgjör FRÍ
FRÍ þing: Dagsetning, undirbúningur og helstu stef
Mótaskrá og verkefni landsliða 2018
Kaffi og samræðuhlé
Gestir boðnir velkomnir til Uppskeruhátíðar FRÍ
Uppgjör ársins 2017 í máli og myndum
Viðurkenningar

Stjórn fjallaði um umrædda liði og samþykkti ef á þurfti sbr. umræðu og kynningu á síðustu stjórnarfundum.

Ákveðið að ljúka því að samþykkja siðareglurnar rafrænt milli funda.

9 mánaða uppgjör verður sent út fyrir næsta stjórnarfund og um það fjallað á stjórnarfundinum.

Afrestsstofna verður send út til aðildarféлага fyrir formannafundinn ásamt siðareglum.

Mótaskráin og verkefni landsliða 2018 voru rædd, en framkvæmdastjóri kynnti uppfærð drög. Ákveðið að ræða mótaskrá rafrænt milli stjórnarfunda en ljúka á næsta stjórnarfundum enda endurspeglar hún sig í fjárhagsáætlun.

Kynntar tillögur umviðurkenningar. Umræða. Tillaga, afrestsþróttastjóra í samráði við hlutaðeigandi nefndir samþykkt með fyrirvara um fjölgun í einstaka þáttum og kynjaflokkum. Stefnt að fullnaðartillögu til rafrænnar samþykktar strax upp úr næstu helgi.

3. Afreksúthlutun 2017

Í framhaldi af síðasta stjórnarfundu liggur fyrir tillaga um afreksúthlutun 2017, sem kynnt verður 1. desember. Stjórn samþykkir tillöguna.

4. FRÍ þing

Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir áframhaldandi undirbúningi að FRÍ þingi. Stjórnin samþykkir að þingið verði 23.3 og 24.3. Ákveðið að fundargögn verði sem mest rafræn. Rætt um að halda málþing í janúar/febrúar sem upptakt að þinginu en það yrði opið málþing um málefni barna- og unglinga.

5. Langhlaupanefnd

Sigurður Þórarinnsson formaður langhlaupanefndar mætti til fundarins og gerði grein fyrir ráðstefnu um langhlaupamál í Frankfurt, European Running Business Conference in Frankfurt 27-28.10.2017. Um var að ræða fyrstu ráðstefnu sinnar tegundar fyrir þennan markhóp á þessu sviði, en 300 þátttakendur sóttu ráðstefnuna. Rætt um hlutverk frjálsíþróttasambanda gagnvart hlaupaverkefnum. Sigurður sagði ráðstefnuna hafa farið yfir sviðið á alþjóðlega vísu, þjónustu, framkvæmd, stjórnsýslu og eftirlit. Málið rætt ítarlega frá öllum hliðum og stjórnarmenn spurðu Sigurð um eitt og annað. Góð og mikilvæg umræða tengd Hlaupaverkefni FRÍ. Stjórnin þakkaði Sigurði greinargóða yfirferð.

6. Önnur mál

Formaður hóf umræðu um næstu skref gagnvart málefnum þjóðarleikvangs í Laugardal. Stjórnarmenn tóku þátt. Umræða um að setja saman greinargerð um málið. Ákveðið að taka málið upp á næsta fundi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið með söng kl.19:15.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.